

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

210. FUNDUR.

210. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 10. janúar árið 2013 í fundarsal Ráðhúss kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá uppsagnarbréf forstöðumanns tæknideildar. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

Fundargerðir nefnda:

1. Fundargerðir byggðarráðs. oddviti kynnti.

Fundargerð 775. fundar frá 17. desember sl. Fundargerð í 7 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 776. fundar frá 7. janúar sl. Fundargerð í 8 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 217. fundar frá 9. janúar sl. Fundargerð í 1 lið. Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna dagskrárliðar 1.a.:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að veita Vegagerðinni framkvæmdaleyfi til efnistöku úr námu í landi Ytri-Kárastaða á Vatnsnes en umrædd náma er skilgreind í gildandi aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð Ungmennaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 4. fundar frá 6. desember s.l. Fundargerð í 1 lið. Framlögð svohljóðandi

tillaga; „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir styrk ungmennaráðs kr. 373.000- til kaupa á nýju leiktæki á lóð Grunnskóla Húnaþings vestra á Hvammstanga.“ Tillagan og fundargerðin í heild sinni samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð Starfshóps um samþykktir og stjórnsýslu sameinaðs sveitarfélags , oddviti kynnti.

Fundargerð 10. fundar frá 8. janúar sl. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Skýrsla sveitarstjóra.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri greindi frá helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar þann 13. desember s.l.

6. **Bréf forstöðumanns tæknideildar.**

Fram lagt bréf Ólafs H. Stefánssonar, forstöðumanns tæknideildar dags. 3. janúar sl. þar sem hann segir upp starfi sínu. Sveitarstjórn samþykkir uppsögnina sem tekur gildi þann 1. febrúar nk. með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Sveitarstjórn og sveitarstjóri þakka Ólafi H. Stefánssyni fyrir gott samstarf og vel unnin stöðu í þágu sveitarfélagsins á sl. árum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 16:10

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Gunnar Þorgeirsson.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Þorbjörg Ásbjarnardóttir.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.